

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Suðurnesjabæ.

Breyting á deiliskipulagi Garðskaga.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti 1. nóvember 2023 breytingu á deiliskipulagi Garðskaga.

Um er að ræða svæði vestast á Garðskaga. Deiliskipulagssvæðið er stækkað og komið fyrir nýrri aðstöðu sunnan Skagabrautar, þar sem m.a. verði heilsulind með baðlóni og veitingastað og möguleiki á tjaldsvæði. Þessi aðstaða samnýtist svæði norðan Skagabrautar, þar sem byggingarreitir fyrir byggðasafnið er stækkaður ásamt skilgreiningu aksturs- og gönguleiða og möguleika á frekari nýtingu svæðisins til útivistar og fræðslu.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur eldra deiliskipulag við Garðskaga sem staðfest var 14. júlí 2004 úr gildi.

Suðurnesjabæ, 12. desember 2023.

Jón Ben Einarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 18. desember 2023